

# FRAMLEIÐSLA OLÍU ÚR PLASTI

## SÚLUEGI, AKUREYRI

### Ákvörðun um matsskyldu

#### NIÐURSTAÐA

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að allt að 400.000 lítra olíuframleiðsla úr 400 tonnum af úrgangsplasti við Súluveg á Akureyri sem er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 11 j í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Með hliðsjón af framlögðum gögnum GPO ehf. um umfang og tilhögun starfseminnar telur Skipulagsstofnun ólíklegt að hún hafi í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif. Stofnunin byggir það á því að umfang starfseminnar og magn efna er fremur lítið. Auk þess sem framleiðslan verður í lokuðu kerfi. Hins vegar eru augljósar hættur sem fylgja því að hita brennanleg efni að brunamörkum til framleiðslu á eldsneyti. En þær hættur snúa fyrst og fremst að eldvörnum. Skipulagsstofnun telur afar brýnt að allir þeir sem koma að starfseminni hafi þekkingu á þeim hættum sem geti skapast ef eitthvað fer úrskaiðis, sem og tilhlýðilega þjálfun til að bregðast við þeim til að lágmarka hugsanlegan skaða. Skipulagsstofnun telur að þó svo að framkvæmdirnar séu leyfisskyldar og undir eftirliti viðkomandi stofnana sé það fyrst og fremst á ábyrgð fyrirtækisins að viðhafa þá verktilhögun sem kynnt hefur verið við meðferð málsins, þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Skipulagsstofnun tekur undir með Mannvirkjastofnun og bendir á að gera þarf brunahönnun með tilheyrandi áhættugreiningu af verksmiðjunni.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að starfsemin skal vera í samræmi við skipulagsáætlanir fyrir svæðið og ekki er heimilt að gefa út byggingarleyfi fyrr en ljóst er að fyrirhuguð mannvirki samræmist gildandi skipulagsáætlunum. Starfsemin er háð starfsleyfi Heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra skv. reglugerð nr. 785/1999 og starfsleyfi Vinnueftirlits ríkisins skv. 95. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 11. mars 2013.

## INNGANGUR

Þann 14. desember 2013 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá GPO ehf. um fyrirhugaða olíuframleiðslu úr plasti við Súluveg á Akureyri til Skipulagsstofnunar samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 11 j í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Akureyrarbæjar, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra, Mannvirkjastofnunar, Umhverfisstofnunar og Vinnueftirlits ríkisins.

Umsagnir bárust frá Akureyrarbæ með bréfum dags. 17. janúar og 1. febrúar 2013, Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra með bréfi dags. 11. janúar 2013, Mannvirkjastofnun með bréfi dags. 4. janúar 2013, Umhverfisstofnun með bréfi dags. 14. janúar 2013 og Vinnueftirliti ríkisins með bréfi dags. 8. janúar 2013. Frekari upplýsingar bárust frá GPO ehf. með tölvupósti dags. 16. og 29. janúar 2013.

## FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARADILA

**Fyrirhuguð framkvæmd.** Í greinargerð GPO ehf. kemur fram að starfsemin felist í því að endurvinnna úrgangsplast í olíu. Vinnsluferlið gengur út á að breyta pólýprópýlen (PP) og pólýetýlen (PE) plasti í eldsneyti, en þessir plastflokkar ásamt undirflokkum séu meirihluti úrgangsplasts sem fellur til landinu. Árlega verði unnið úr 400 tonnum af úrgangsplasti sem skili u.þ.b. 400 þús. lítrum af olíu. Fyrirhugað sé að meðhöndla um 20-36 tonn af úrgangsplasti á mánuði og verði það einungis að takmörkuðu leyti innanhúss nema rétt á meðan vinnsla fer fram. Afurðir verði fyrst um sinn díselolía og svartolía, en síðar verði horft til frekari vöruþróunar. Afurðirnar megi nota beint til brennslu svo sem til húshitunar eða til eldsneytis á bíla og báta. Gert sé ráð fyrir að afurðir sem geymdar verði á staðnum á hverjum tíma verði ekki meira en 36 þús. lítrar og þar af einungis 8 þús. lítrar innandyra. Áætluð vinnuafþörf fyrir starfsemina sé 2,5 störf.

Fram kemur að starfseminni sé ætlaður staður á iðnaðarlóð við Súluveg neðst í Glerárdal. Á lóðinni sé 2.400 m<sup>2</sup> steyppt hús og séu 350 m<sup>2</sup> ætlaðir fyrir plastvinnsluna.

**Tímaáætlun.** Fram kemur að sú starfsemi sem um ræðir sé þróunarverkefni til þriggja ára. Í áætlanagerð verkefnisins hafi verið leitast við að lágmarka kostnað og leita hagkvæmustu leiða til næstu þriggja ára. Að því tímabili loknu verði hugað að verulega auknum umsvifum og framtíðarstaðsetningu starfseminnar í samráði við þar til bær yfirvöld og eftirlitsaðila. Unnið hafi verið að undirbúningi verkefnisins um nokkurt skeið. Undirbúningsvinnu sé að mestu lokið og sé verkefnið fullfjármagnað.

**Vinnsluferill.** Í greinargerð kemur fram að vinnslan felist í því að hita plastið upp undir brunamörk en þá sundrast plastið í gastegundir sem síðan er breytt í olíu með kælingu. Til verksins verði fluttur inn sérhæfður tækjabúnaður frá Japan. Vinnsluferillinn sé allur í lokuðu kerfi með lítilsháttar undirþrýstingi. Fyrst sé plastið skammtað í vélina með sjálfvirkum skömmtunarbúnaði. Á leið sinni í gegnum vélina hitni hráefnið og breytist í gastegundir. Úrgangsefni sem ekki leysist upp falli í söfnunarkút sem tæmdur sé reglulega. Gasið sé síðan kælt og það þéttist í olíu sem að stofni til er áþekkt jarðolíu (e. crude oil).

**Mengun.** Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að framleiðsluferlið sé knúð rafmagni og samsvari orkuþörfin ríflega 1,1 kW á hvert unnið kíló af plasti. Ekki þurfi vatn til annars en að þrifa. Sáralítill eiginlegur úrgangur á föstu formi sé frá framleiðslunni. Fastur úrgangur sé um 3-5% af hráefni. Mest af honum séu stuttar fjölliður af pólýstýren. Ólífræn fyllingarefni séu skaðlaus karbónöt. Fasta efnið falli til í lokuðu kerfi í framleiðsluferlinu og sé nýtanlegt til íblöndunar í malbik og verði selt til malbikunarstöðva innanlands eða utan. Í vinnslunni myndist nokkrar gastegundir sem mögulegt sé að nýta í framtíðinni en þær verði

ekki nýttar í byrjun. Meðal annars bútan, própan og metan. Gas verði leitt í gegnum síu þar sem það eyðist og ekkert sleppi út nema vatnsgufa og lítilsháttar af koldíoxíði. Engu gasi sé því brennt í framleiðslunni.

Fram kemur að öllum vinnslubúnaði og tækjum verði komið fyrir innan afmarkaðs rýmis innan byggingar. Svæðið verði aðgreint frá öðrum hlutum húsakosts, með tilliti til frárennslis en frárennslis frá þeim hluta hússins sem vinnslukerfið sé staðsett í verði tengt við olíuskilju og öryggisþró, en skólþ og neysluvatn sé í aðskilinni fráveitu. Undirbúningur og framkvæmd mengunarvarna verði unnin í nánú samstarfi við þar til bæra eftirlitsaðila.

**Hljóðstig.** Fram kemur að enginn hávaði myndist af olíuvinnsluvélunum. Í forvinnslu hráefnis verði notaður plasttætari sem myndar nokkurn hávaða, en verði sérstaklega hljóðeinangraður og uppfyllir staðla um hávaðamörk.

**Öryggi og eldvarnir.** Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram bæði hráefni og afurðir séu brennanlegar. Fyrirtækið hyggist koma upp þeim öryggisbúnaði sem til þurfi í samráði við eftirlitsaðila á svæðinu. Þar sem vinnslan fari fram innanhúss, að mestu leyti innan lokaðra kerfa ætti slyshætta að vera í algjöru lámarki. Fullunnin vara verði að mestu leyti í tönkum utanhúss.

## ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

**Almennt.** Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra kemur fram að starfsemin skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Umhverfisstofnun telur ekki líklegt að starfsemin hafi í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif. Enginn umsagnaraðila telur í umsögn sinni að starfsemin skuli háðar mati á umhverfisáhrifum.

**Mengunarvarnir.** Í umsögnum Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra og skipulagsnefndar Akureyrarbæjar kemur fram að starfsemin sé háð starfsleyfi og starfsskilyrðum heilbrigðisnefndar og áhersla lögð á vandaðar mengunarvarnir vegna meðhöndlunar og geymslu á olíu. Einnig þurfi að huga að því að hvorki lykt né hávaði valdi nágrönnum og vegfarendum óþægindum.

**Öryggi og eldvarnir.** Í umsögn Mannvirkjastofnunar kemur fram að slökkvilið sveitarfélagsins þurfi að vera vel upplýst um gerð og magn þeirra efna sem verði geymd og notuð á umráðasvæði fyrirtækisins, sem og áhrifum þess á slökkvistarf á svæðinu. Starfsemin sem ráðgerð er geri það að verkum að slökkviliðið verði að hafa yfir að ráða sérstökum búnaði og þjálfun til að fást við þau hættulegu efni sem verði notuð og framleidd í verksmiðjunni. Ljóst sé að vanda þurfi brunahönnun með tilheyrandi áhættugreiningu af verksmiðjunni. Eðlilegt sé að skilyrða slíkt í leyfum fyrir verksmiðjunni.

Í umsögn Vinnueftirlits ríkisins kemur fram að m.v. upplýsingar um efnalager starfseminnar falli starfsemin ekki undir stórslysavarnaskyldu skv. reglugerð 160/2007 en fyrirtækinu beri að sækja um starfsleyfi til Vinnueftirlitsins skv. 95. gr. laga nr. 46/1980.

**Geymsla olíu.** Í umsögn Umhverfisstofnunar er gerð athugasemd við að upplýsingar um olíugeyma séu ófullnægjandi.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að þar sem skipulagsbreytingum fyrir svæðið sé ólokið hafi fyrirtækið ekki lagt í endanlega hönnun á húsnæðinu athafnasvæði utandyra. Þetta eigi líka við um birgðageyma, lekaþrær og olúgildirur. En þegar að því komi verði gætt að öllum kröfum um öryggis- og umhverfismál.

## NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða allt að 400.000 lítra olíuframleiðslu úr 400 tonnum af úrgangsplasti við Súluveg á Akureyri. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 11 j í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Með hliðsjón af framlögðum gögnum GPO ehf. um umfang og tilhögun starfseminnar telur Skipulagsstofnun ólíklegt að hún hafi í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif. Stofnunin byggir það á því að umfang starfseminnar og magn efna er fremur lítið. Auk þess sem framleiðslan verður í lokuðu kerfi. Hins vegar eru augljósar hættur sem fylgja því að hita brennanleg efni að brunamörkum til framleiðslu á eldsneyti. En þær hættur snúa fyrst og fremst að eldvörnum. Skipulagsstofnun telur afar brýnt að allir þeir sem koma að starfseminni hafi þekkingu á þeim hættum sem geti skapast ef eitthvað fer úrskaiðis, sem og tilhlýðilega þjálfun til að bregðast við þeim til að lágmarka hugsanlegan skaða. Skipulagsstofnun telur að þó svo að framkvæmdirnar séu leyfisskyldar og undir eftirliti viðkomandi stofnana sé það fyrst og fremst á ábyrgð fyrirtækisins að viðhafa þá verktilhögun sem kynnt hefur verið við meðferð málsins, þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Skipulagsstofnun tekur undir með Mannvirkjastofnun og bendir á að gera þarf brunahönnun með tilheyrandi áhættugreiningu af verksmiðjunni.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu GPO ehf. við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð GPO ehf. vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að olíuframleiðsla úr plasti við Súluveg á Akureyri sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að starfsemin skal vera í samræmi við skipulagsáætlanir fyrir svæðið og ekki er heimilt að gefa út byggingarleyfi fyrr en ljóst er að fyrirhuguð mannvirki samræmist gildandi skipulagsáætlunum. Starfsemin er háð starfsleyfi Heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra skv. reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun og starfsleyfi Vinnueftirlits ríkisins skv. 95. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 11. mars 2013.

Rut Kristinsdóttir

Sigurður Ásbjörnsson